

Innra mat Klettaskóla

2025-2026



Inngangur

Í þessari samantekt/skýrslu er gerð grein fyrir innra mati Klettaskóla 2025-2026.

Sett er fram langtímaáætlun til 5 ára, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf og menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en teymi um innra mat leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í innra mats teyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og einn umsjónarkennari af hverju stigi, þ.e. yngsta-, mið- og unglingastigi. Teymið fundaði að meðaltali einu sinni í mánuði.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða innra mats teymi skólans. Viðhorfskannanir starfsfólks og foreldra eru einnig hluti af innra mati skólans.

Langtímaáætlun innra mats fyrir Klettaskóla					
Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Innihald og mat á einstaklingsáætlun		☒			☒
Viðhorf og líðan (kannanir)	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Starfsmannakönnun	☒	☒	☒	☒	☒
Viðhorfskönnun foreldra		☒		☒	
Gæðaviðmið Mennta- og barnamálastofnunar	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun			☒		☒
Faglegt samstarf og samræða	☒		☒		
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		☒		☒	
Umbætur og innleiðing breytinga	☒	☒			
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"				☒	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting			☒		☒
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks			☒		☒
Gæðaviðmið Mennta- og barnamálastofnunar	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá	☒	☒	☒		
Árangur náms				☒	
Gæði kennslu	☒	☒	☒	☒	☒
Skipulag kennslu		☒			☒
Menntastefna Reykjavíkur	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni (einstaklingsáætlun)		☒	☒	☒	☒
Sjálfsefning / sjálfstæði (einstaklingsáætlun)		☒	☒	☒	☒
Heilbrigði (einstaklingsáætlun)		☒	☒	☒	☒
Læsi (einstaklingsáætlun)		☒	☒	☒	☒
Sköpun (einstaklingsáætlun)		☒	☒	☒	☒

Áætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarami)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla Gæði kennslustunda Kaffi 2.3. í gæðaviðmiðum	Útbúa viðmið um gæði kennslustunda í Klettaskóla.	Fagfólk svarar spurningalista og hefur möguleika á að koma með hugmyndir að gæðum kennslustunda.	Október-apríl	Stjórnendur og innra mats teymi	Veggspjald sem hengja á upp í kennslustofu m. Öll fullorðin sem koma að kennslustund inni eru meðvituð um gæði kennslustundar. Fagfólk metur eigin kennslustund og skilar til stjórnenda.
Nám og kennsla Inntak og námskrá	Endurskoðun á skólanámsskrá Klettaskóla.	Fagfólk skráir sig á vinnustofur þar sem hvert teymi vinnur að endurskoðun þátta í skólanámsskrá	Ágúst-ágúst	Fagfólk og stjórnendur	Ljúka við fyrstu yfirferð í desember 2025. Stjórnendur ljúki yfirferð í ágúst 2026.
Nám og kennsla Skipulag kennslu	Að fagfólk meti eigin kennslu og hugi að innihaldi hvernar kennslustundar með tilliti til einstaklingsnám skrár nemenda.	Samtal milli fagfólks í teyðum og einnig milli fagfólks og stjórnenda. Gæði kennslustunda er notað sem matstæki.	Október-apríl	Fagfólk og stjórnendur	Að fagfólk verði meira meðvitað um undirbúning kennslustunda og endurmeti eigin starfshætti.
Viðhorf og líðan Starfsmannakönnun	Að starfsfólki líði almennt vel í vinnunni, starfsandi sé góður og starfsaðstaða góð.	Spurningakönnun til starfsfólks, Stofnun ársins, formleg starfsmannasamtöl og virk samtöl þess á milli.	Nóvember - apríl	Reykjavíkurborg	Vera í meðaltali eða fyrir ofan meðaltal í Norður.
Stjórnun og fagleg forysta Faglegt samstarf og samræða	Stjórnendateymi hafi fasta fundi á þriðjudögum.	Fundargerðir og stjórnendur skipta með sér verkum á fundum.	Skólaárið 2025-2026	Stjórnendur	Stjórnendur hafa yfirsýn yfir verkefni sem eru í gangi og eru væntanleg.

Stjórnun og fagleg forysta Umbætur og innleiðing breytinga	Að breytingar vegna skiptingu skólans í Klettaskóla og Korpu fari farsællega fram.	Spurningakönnun meðal starfsfólks, óskir um starfsstöðvar teknar til greina og metnar með starfsfólki. Starfsfólk upplýst um framvindu máls um leið og þær berast skólastjórnend um. SVÓT	Skólaárið 2025-2026	Stjórnendur	Stjórnendur og starfsfólk fá sömu upplýsingar um stöðu mála og geti tekið þátt í að móta stefnu skólans á báðum stöðum.
--	--	--	---------------------	-------------	---

Greinargerð um innra mat 2025-2026

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Klettaskóli er sérskóli í Reykjavík. Klettaskóli er heildstæður grunnskóli með 146 nemendur í 1. - 10. bekk. Í Klettaskóla Suðurhlíð eru 139 nemendur og í þáttökubekk í Árbæjarskóla eru 7 nemendur. Nemendur Klettaskóla eru allir með þroskahömlun og aðrar viðbótarfatlanir.

Í skólanum starfa sérkennarar, þroskajálfar, atferlisfræðingar og fagaðilar í sérkennslu. Einnig starfar fjöldi stuðningsfulltrúa við skólann. Skólinn er ráðgefandi skóli fyrir allt landið og starfa ráðgjafar m.a. við tjáskipti og kennslu fatlaðra barna.

Í innra matsteymi sitja fjórir stjórnendur og þrír sérkennarar, einn af hverju skólastigi. Innra matsfundir eru haldnir að lágmarki 2-3 sinnum á hvorri önn.

Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Mennta- og barnamálastofnunar og áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar. Gögn sem notaðar eru við innra mat eru m.a. kannanir meðal starfsfólks, foreldra og vettvangsathuganir í kennslustundum. Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.

Helstu niðurstöður innra mats

Áherslupættir 2025-2026

Innra mat Klettaskóla á skólaárinu 2025-2026 beindist að því koma af stað innra mats teymi við skólann og einblína á gæði kennslustunda. Helstu áherslupættir skólaársins má finna í matsáætlun.

Gæði kennslustunda kafli 2.3 í gæðaviðmiðum / skipulag kennslu

Markmið: Rýnt var í gæði kennslustunda við skólann og markmiðið var að útbúa viðmið um gæði kennslustunda sem ætti við um Klettaskóla.

Framkvæmd: Fagfólk svaraði spurningalista varðandi það hvað þau teldu eiga við um gæðaviðmið í Klettaskóla.

Niðurstöður: Spurningalistinn var í framhaldinu rýndur af innra matsteyminu og niðurstöður kynntar á starfsmannafundi. Greinilegt var af niðurstöðum spurningakönnunarinnar að fagfólk er nokkuð samhuga þegar kemur að því að meta gæði kennslustundar í skólanum. Í framhaldinu var útbúið veggspjald með áherslum sem hengja á upp í hverri kennslustofu skólans. Einnig var útbúinn matskvarði sem notaður skal í vettvangsheimsóknum í kennslustundir. Kennarar

notuðu matskvarðann til að meta eigin kennslustund í maí.

Inntak og námsskrá

Markmið: Endurskoðun á skólanámsskrá Klettaskóla.

Framkvæmd: Fagfólk skráði sig í teymi eftir áhugasviði og í framhaldinu hittust teymin 2-3 sinnum í mánuði til að endurskoða og uppfæra námsskrána.

Niðurstöður: Teymin skiluðu vinnu sinni í lok desember 2025. Farið var yfir m.a. lykilhæfni og námsgreinar. Vinna við samsetningu hvers teymis hefur dregist, en áætluð verklok eru í ágúst 2026.

Viðhorf og líða

Markmið: Að starfsfólki líði almennt vel í vinnunni, starfsandi sé góður og starfsaðstaða góð.

Framkvæmd: Staða starfsfólks var greind með starfsmannakönnun um Stofnun ársins ásamt því að öllu starfsfólki bauðst starfsþróunarsamtal. Stjórnendur eru aðgengilegir fyrir allt starfsfólk.

Niðurstöður: Styrkleikar skólans liggja í góðu fagfólki sem er ánnt um hag nemenda og skólans almennt. Starfsfólk upplifir starfsandann góðan í skólanum og þau eru stolt af vinnustaðnum sínum og þau upplifa einnig traust til sín í starfi.

Stjórnun og fagleg forysta

Markmið: Stjórnendur hittast reglulega og skipta með sér verkum. Unnið er með breytingar vegna uppbrots skólans í Klettaskóla og Klettaskóla-Korpu.

Framkvæmd: Vikulegir fundir stjórnendateymis. Spurningakönnun send út til alls starfsfólks vegna breytinganna og skipulag næsta skólaárs. Könnuninni fylgt eftir með viðtölum/samtölum við hvern og einn starfsmann.

Niðurstöður: Stjórnendur hafa betri yfirsýn yfir þau verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Styrkleikar og tækifæri

Hér eru teknir saman styrkleikar og tækifæri til umbóta í punktaformi og í framhaldinu vísað til umbótaáætlunar.

Styrkleikar:

- Mannauður, fjölbreyttur hópur fagfólks
- Gott stoðkerfi skólans/ráðgjöf innan skólans
- Faglegt starf, fjölbreytt fagþekking
- Gæði kennslustunda
- Litlir hópar/bekkir
- Einstaklingsmiðuð nálgun í námi og kennslu
- Mikið og gott samstarf við foreldra

Tækifæri til umbóta:

- Uppfæra skólanámsskrá
- Skipting skólans í yngri barna skóla og unglingaskóla
- Bæta aðstæður og tækifæri til símenntunar starfsfólks
- Kennsluáætlanir kennara tengist betur einstaklingsnámskrá

<i>Umbótaáætlun</i> <i>Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fram fór á skólaárinu ásamt könnunum sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir skólaárið 2026-2027</i>						
Áherslupáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma bil	Hvernig fer mat fram	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Fínþússa og aðlaga betur að nemendum	Fagfólk tengir einstaklingsáætlun við skólanámsskrá miðað við þarfir hvers og eins.	Fagfólk og stjórnendur	ágúst-des	Vinnustofa fagfólks þar sem rýnt er í skólanámsskrána og hversu vel gengur að tengja markmið við einstaklingsnámskrár.	Bein tengsl á milli skólanámsskrár og einstaklingsnámskrár.
Einstaklingsáætlun	Rýna í innihald einstaklingsáætlana	Kennsluáætlun fagfólks sé í samræmi við einstaklingsnámskrár nemenda.	Fagfólk og stjórnendur	ágúst-maí	Innlit í kennslustundir. Samtal um kennsluáætlanir og einstaklingsnámskrár.	Bein tengsl á milli kennsluáætlanar og einstaklingsnámskrár.
Gæði og inntak	Að fagfólk meti eigin kennslu og	Setja fram skýr markmið með hverri	Fagfólk	Skólaárið	Innlit í kennslustundir. Samtal um	Aukin gæði í kennslustundum og

kennslustun- da	hugi að innihaldi hverrar kennslustun- dar með tilliti til kennsluáætl- unar.	kennslustund með tilliti til þeirra nemenda sem fá kennslu.		2026- 2027	kennsluáætlan- ir og einstaklingsná- msskrár.	markvisst skipulag í kennslu.
Viðverustef- na Reykjavíkur borgar	Kynna viðverustefn- una reglulega fyrir starfsfólki.	Stutt samtöl við starfsfólk og nýta Bradfordskala- nn til eftirfylgni á skammtímafja- rveru. Stjórnendur eru aðgengilegir starfsfólki og dyrnar opnar til samtals.	Stjórnendu- r	Skóla árið 2026- 2027	Stjórnendur fylgja markvisst með mætingum og vellíðanmstarf- sfólks.	Skammtímafja- rvistum starfsfólks fækki og starfsánægja aukist.
Umbætur og innleiðing breytinga	Breyting á skipulagi skólans í yngri barna skóla og unglingaskól- a.	Starfstöðvar vinna að þessum breytingum með tilliti til þeirra nemenda sem eru í sitthvorum skólanum.	Allt starfsfólk skólans í samstarfi við nemendur	Skóla árið 2026- 2027	Könnun meðal starfsfólks á vegum skólanna. Samtal milli starfsfólks, foreldra og nemenda.	Breytingarnar hafi verið til bóta fyrir nemendur og starfsfólk skólanna.
Tengsl við foreldra	Vegna breytingann a þarf að huga að foreldrasam- starfi og foreldrafélag- inu	Áfram gott samstarf við foreldra með virku samtali milli skólans og heimilia.	Skólastjór- nendur og fagfólk	Skóla árið 2026- 2027	Viðhorfskönnu- n foreldra og virkt samtal/samski- pti.	Að foreldrar upplifi traust og góð samskipti við skólann og geti leitað til skólans þegar á þarf að halda.